

Matvælastofnun

B.t. Jóns Kolbeins Jónssonar, sérgreinadýralæknis lagareldis
Austurvegi 64
800 Selfoss

Sent rafrænt á jon.jonsson@mast.is

Reykjavík, 26. febrúar 2026

Greinargerð og viðbrögð Kaldvíkur vegna skoðunarskýrslu – kví 12 á Fögrueyri

Vísað er til skoðunarskýrslu Matvælastofnunar #2714 í kjölfar eftirlits þann 18. febrúar 2026 þar sem gerðar eru athugasemdir við velferð fisks í kví 12 á Fögrueyri og atvikið metið sem alvarlegt frávik með vísan til 44. gr. reglugerðar nr. 540/2020 og 6. og 7. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

Félagið leggur ríka áherslu á velferð eldisdýra í allri sinni starfsemi og vill með bréfi þessu gera grein fyrir þeim aðgerðum sem þegar hafa verið hafnar, tímasettri úrbótaáætlun og þeirri faglegu og lagalegu afstöðu sem liggur að baki ákvörðunum sem teknar hafa verið.

1. Viðbrögð á vettvangi og stigvaxandi aðgerðir

Við eftirlit þann 18. febrúar var handhúfun beitt til að fjarlægja þá fiska sem metnir voru í brýnustu þörf fyrir íhlutun og voru sýnilegir á yfirborði. Sú aðferð var notuð sem tafarlaust viðbragð við stöðunni á vettvangi en félagið hafði þegar hafið viðbrögð vegna ástands í kvínni.

Þegar eftirlit Matvælastofnunar fór fram var kví 12 þegar komin á sláturáætlun félagsins og slátrun átti að hefjast þann 28. febrúar nk. á grundvelli reglubundins framleiðslu- og velferðarmats. Ákvörðun um slátrun var því ekki tekin í kjölfar eftirlitsins, heldur lá hún fyrir sem hluti af skipulagðri framleiðslu- og velferðarstjórnun.

Í ljósi þróunar ástands í kvínni var metið að hraða þyrfti framkvæmdinni og grípa til heildstæðrar slátrunar úr allri kví 12. Mat félagsins var að við það umfang sáratilvika sem greindist væri heildarslátrun heppilegri leið til að tryggja að sjúkur eða illa farinn fiskur yrði fjarlægður „svo fljótt sem verða má“ í samræmi við 44. gr. reglugerðar nr. 540/2020. Við slíkar aðstæður getur áframhaldandi og víðtæk handhúfun, m.a. með ádráttarnetum, haft í för með sér aukið álag og hættu á frekari áverkum eða smitdreifingu.

Mat félagsins byggðist jafnframt á þeirri faglegu afstöðu sem almennt liggur fyrir í dýralæknagögnum um að umfangsmikil og endurtekin notkun ádráttarneta geti, við tilteknar aðstæður, haft neikvæð áhrif á heildarvelferð fisks. Ákvörðunin var því tekin með heildarvelferð fisksins að leiðarljósi.

Fyrir lágu jafnframt niðurstöður bakteríurannsókna og faglegt mat þjónustudýralæknis, sbr. meðfylgjandi yfirlýsingu VETAQ, sem staðfestu umfang og eðli sáratilvika í kvínni. Þær upplýsingar höfðu áhrif á heildarmat félagsins á stöðunni og studdu þá ákvörðun að flýta heildarslátrun sem markvissu velferðarúrræði.

Með þessari aðgerð telur Kaldvík sig hafa brugðist við í samræmi við skyldur sínar samkvæmt 44. gr. reglugerðar nr. 540/2020 og þeim velferðarsjónarmiðum sem leiða af e-lið 14. gr. laga nr. 55/2013, þ.e. að sjúk eða slösuð dýr séu ekki látin líða sársauka eða þjáningu án viðeigandi úrræða.

2. Tímasett framkvæmd slátrunar

Kví 12 var þegar komin á sláturáætlun félagsins þann 28. febrúar nk. á grundvelli reglubundins framleiðslu- og velferðarmats, sem er veruleg breyting frá fyrri framleiðslu-áætlunum félagsins. Í ljósi þróunar ástands í kvínni og frekara mats á umfangi sáratilvika var ákveðið að flýta framkvæmdinni enn frekar og slátrað verður hraðar úr kvínni en stóð til.

Fóðrun hefur verið stöðvuð í aðdraganda slátrunar og slátrun kvíar 12 hefst formlega þann 27. febrúar nk. Áætlað er að henni ljúki eigi síðar en 1. mars nk. Markmið aðgerðarinnar er að tryggja að allur fiskur í kvínni verði fjarlægður innan þess tímabils og að velferðarsjónarmið séu höfð að leiðarljósi við framkvæmd, í samræmi við 44. gr. reglugerðar nr. 540/2020. Kaldvík mun senda Matvælastofnun reglubundnar stöðuuppfærslur um framvindu slátrunar þar til henni er lokið.

Áhersla er lögð á að tryggja umönnun eftir föngum í samræmi við 7. gr. laga nr. 55/2013 á því tímabili sem líður þar til slátrun er lokið.

3. Aðgreining atvika og viðbragðspátta

Fyrirtækið vill jafnframt árétta að greina verður á milli hefðbundinnar lífmassastjórnunar annars vegar og bráðra velferðarviðbragða hins vegar.

Ákvörðun um heildarslátrun kvíar 12 var tekin á grundvelli ástands sem þróaðist með þeim hætti að það kallaði á umfangsmeiri viðbrögð. Slík staða snýr fyrst og fremst að velferð og smitvörnum og krefst skipulagningar á umfangsmikilli framkvæmd, þar á meðal viðbúnaðar og aðgengis að sláturgetu og flutningsúrræðum.

Kaldvík telur að með þeirri heildaraðgerð sem nú er í framkvæmd hafi félagið þegar brugðist við athugasemdum MAST með þeim hætti sem samræmist bæði lagaskyldum og velferðarsjónarmiðum.

4. Innra eftirlit, upplýsingaskylda og varanlegar úrbætur

Frávikið hefur verið skráð í innra gæðakerfi félagsins í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 540/2020 og er unnið að formlegri rótarorsakagreiningu á atvikinu.

Kaldvík bendir jafnframt á að félagið hefur skilað mánaðarlegum skýrslum til Matvælastofnunar í samræmi við 56. gr. reglugerðar nr. 540/2020, þar sem m.a. hefur verið greint frá afföllum og ástandi á eldissvæðinu. Með þeirri reglubundnu upplýsingagjöf hefur félagið uppfyllt upplýsingaskyldu sína og tryggt gagnsæi í samskiptum við stofnunina.

Í kjölfar atviksins hefur verið ráðist í frekari greiningu á viðbragðsferlum og fela fyrirhugaðar úrbætur m.a. í sér:

- a) Skýrari viðbragðspröskulda sem virkja heildarslátrun fyrr þegar tíðni sára eða veikra fiska fer yfir tiltekin mörk.
- b) Eflingu skipulags og viðbúnaðar vegna sláturgetu við aðstæður þar sem velferðarsjónarmið kalla á hraðari aðgerðir.

Markmið þessara úrbóta er að styrkja innra viðbragðskerfi félagsins og tryggja að sambærileg staða verði meðhöndluð enn hraðar og með enn markvissari hætti í framtíðinni.

5. Samstarfsvilji

Kaldvík leggur áherslu á gagnsæi og samstarf við Matvælastofnun við úrlausn málsins. Fyrirtækið telur að þær aðgerðir sem nú standa yfir sýni skýran vilja og getu til að bregðast við stöðunni tímanlega og með ábyrgum hætti.

Það er von félagsins að sú heildstæða og tímasetta aðgerð sem hér hefur verið lýst, ásamt daglegu eftirliti og varanlegum úrbótum, verði metin sem fullnægjandi og málefnalegt viðbragð við þeim athugasemdum sem fram komu í skoðunarskýrslu, með hliðsjón af þeim aðstæðum sem uppi voru á vettvangi.

Kaldvík mun senda MAST stöðuskýrslu þegar slátrun lýkur og staðfesta lokun kvíar 12. Fyrirtækið er reiðubúið til frekara samstarfs og fundar með stofnuninni ef þörf er á.

F.h. Kaldvíkur hf.

Erlendur Gíslason

Erlendur Gíslason (Feb 26, 2026, 15:47:22 GMT)

Erlendur Gíslason

Forstöðumaður sjókvíaeldis

Fylgiskjöl:

1. Uppfærð og tímasett sláturáætlun
2. Yfirlýsing þjónustudýralæknis

Greinargerð vegna kví 12 Fögrueyri

Final Audit Report

2026-02-26

Created:	2026-02-26
By:	Sandra Eidsdottir (sandra.eidsdottir@kaldvik.is)
Status:	Signed
Transaction ID:	CBJCHBCAABAA73Q0HKsnF03_D_he_h7letu6hmSe7qrv

"Greinargerð vegna kví 12 Fögrueyri" History

-  Document created by Sandra Eidsdottir (sandra.eidsdottir@kaldvik.is)
2026-02-26 - 3:17:48 PM GMT
-  Document emailed to Erlendur Gíslason (erlendur.gislason@kaldvik.is) for signature
2026-02-26 - 3:17:51 PM GMT
-  Email viewed by Erlendur Gíslason (erlendur.gislason@kaldvik.is)
2026-02-26 - 3:46:34 PM GMT
-  Document e-signed by Erlendur Gíslason (erlendur.gislason@kaldvik.is)
Signature Date: 2026-02-26 - 3:47:22 PM GMT - Time Source: server
-  Agreement completed.
2026-02-26 - 3:47:22 PM GMT